

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 33.33% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 85.32% á kaupverðið. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 259 30. desember 1971, um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. marz 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

2. marz 1972.

Nr. 53.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.

1. gr.

Vatnsveita Húsavíkur er eign Húsavíkurkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi, að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar um.

Vatnsveita Húsavíkur er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Húsavíkurkaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Húsavíkur skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Húsavíkur til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar og í umboði hennar annast bæjarráð daglega umsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

Ef bæjarstjórn ákveður að kjósa veitunefnd til að annast málefni vatns-, hita- og rafveitu tekur veitunefnd við því hlutverki, sem bæjarráði er fengið í reglugerð þessari.

Bæjarráð annast þó ætíð ráðningu starfsmanna vatnsveitunnar, ef ráðnir er, þ. m. t. umsjónarmaður vatns- og hitaveitu, og bæjarráð fjallar um kjör slíkra starfsmanna.

3. gr.

Vatnsveita Húsavíkur hefur einkarétt til sölu vatns í Húsavíkurkaupstað og nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota sbr. 1. gr.

Þeir vatnsnotendur, sem ekki hafa tengdar heimæðar sínar aðalvatnsveitukerfinu og óska eftir að nýta vatnslind í landi kaupstaðarins til eigin þarfa, skulu sækja um sérstakt leyfi til bæjarráðs þar að lútandi. Bæjarráð setur skilyrði fyrir þess konar vatnsnotum og ákveður greiðslu fyrir þau.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með neins konar jarðraski eða mannvirkjagerð og þess skal gætt að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða afrennslis efna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neyzluvatns.

5. gr.

Óheimilt er að leggja vatnsæðar frá eða tengja við Vatnsveitu Húsavíkur nema með leyfi bæjarstjóra eða bæjartæknifræðings.

Ekki er heimilt að leggja vatnsæðar nema undir umsjón bæjarstarfsmanna og er heimilt að krefjast þess að öll fagvinna sé unnin af mönnum, sem fengið hafa sérstaka löggildingu bæjarstjórnar til þess.

Húseigendum ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín og annast viðhald þeirra, hvort heldur er um að ræða nýjar lagnir eða eldri.

Eigendur húsa, sem tengd eru með heimæð frá aðalæð vatnsveitunnar skulu kosta viðhald hennar að aðalæð.

Skylt er húseigendum að láta gera tafarlaust við vatnsæðar sínar þ. m. t. heimæð, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu. Ekki má setja aflvélar í samband við vatnsveituna nema með leyfi bæjarráðs. Óheimilt er án leyfis bæjarstjóra eða bæjartæknifræðings að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Bæjartæknifræðingur eða umsjónarmaður hefur eftirlit með vatnsveitunni og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum þeirra um efni til vatnsæða, viðhald og lagningu þeirra og um annað það, er lýtur að frágangi vatnslagna.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra notenda, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum og óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

8. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn og til þess að

tryggja neytendum vatns, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissa tíma í senn.

Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara, sem auðið er.

Heimilt er að loka fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum vatnsveitunnar, skal lokun tilkynnt vatnsnotendum að jafnaði fyrirfram, ef unnt er.

9. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningu af vatnskerfi sínu, ef óskað er.

Húseigandi skal einnig greiða tengigjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 5.00 á hvern rúmmeira húss og er það miðað við byggingavísitölu 543 stig, en heimilt er bæjarráði að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingavísitölunni.

10. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virtar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá og nemur hann árlega sem næst 0.15% — eitt og hálf pro mille — fasteignamats. Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Árlegan vatnsskatt annarra fasteigna sbr. 3. gr. ákveður bæjarráð. Vatnsskattur skal ekki vera lægri en kr. 750.00 árlega.

11. gr.

Auk almenns vatnsskatts skv. 10. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn sem hér segir:

Á fasteignir, sem notaðar eru til annars en venjulegra heimilisnota t. d. vegna atvinnurekstrar og annarrar starfrækslu svo sem frystihús, baðhús, sundlaugar, þvottahús, efnalaugar, þvottastöðvar, mjólkurbú, mjólkurbúðir, sláturhús, kjötvinnsla, fiskvinnslustöðvar, fiskbúðir, fiskaðgerðarhús, slötunarstöðvar, efnagerðir, mjólkurísframleiðsla, veitingahús, brauðgerð og annar iðnaður, sem þarf vatnsnot vegna framleiðslunnar, skal hinn árlegi vatnsskattur greiddast með allt að 100% álagi skv. nánari ákvörðun bæjarráðs.

Skýlt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, þótt ekki liggi fyrir fasteignamat eftir nánari ákvörðun bæjarráðs.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot, skal greiða sem hér segir auk vatnsskatts:

- Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar, kr. 10.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
- Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald sem hér segir: Á hverja slátraða sauðkind skal greiða kr. 2.00, á hvern kálf yngri en 6 mánaða kr. 10.00, en á hvern stórgrip eða alisvín kr. 30.00.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- Fyrir vatnsnotkun til síldarbræðslu skal greiða kr. 5.00 fyrir hvert landað síldarmál, þó ekki lægra gjald en svari til 1000 mála.
- Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með 25 krónum á hverja smálest af innvegnum fiski.

- g. Vatnsnot af mjólkurvinnslu skal greiða með 25 krónum á hverja eitt þúsund lítra af innveginni mjólk.
- h. Vatn til nota og vatnssölu Húsavíkurhafnar skal höfnin greiða með föstu árgjaldi skv. nánari ákvörðun bæjarráðs.
- i. Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en venjulegra heimilisévél, t. d. kælikerfis, þvottavéla o. s. frv. skal greiða með kr. 3.00 á hverja smálest eftir vatnsmæli eða samsvarandi eftir hámarkshemli. Heimilt er bæjarráði að semja um þessi not við hlutaðeigendur.
- j. Greiðsla fyrir önnur þau vatnsnot, sem ekki eru upptalin í þessari grein og ekki heyra undir ákvæði 8. gr. skal fara eftir ákvörðun bæjarráðs. Jafnan skal stuðzt við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg stórnotkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma eftir því sem hægt er. Getur bæjarráð sett um það nánari reglur, ef þurfa þykir.

12. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós að þau séu óeðlileg, er bæjarráði og bæjarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts skv. vatnsmælingum eða eftir ákvörðun bæjarráðs.

Aukavatnsskatturinn skal miðaður við kr. 3.00 á smálest. Komi í ljós samkvæmt vatnsmæli að vatnsnot þeirra, sem greiða vatnsskatt skv. 9. gr. og ákvæðum 8. gr. um aukaálag eru meiri en svarar samanlögðum vatnsskatti skal miðað við kr. 2.00 á hverja smálest.

13. gr.

Gjald dagi á vatnsskatti skv. ákvæðum 10. og 11. gr. skal vera 1. janúar ár hvert, en af vatnsskatti til atvinnurekstrar skv. 11. gr. við lok hvers mánaðar.

14. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta.

Skattur nýtur lögveðréttar í húseignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum, er bæjarráði heimilt að láta loka vatnsrennsli til gjaldanda og heimilt að krefjast allt að kr. 500.00 opnunargjalds þegar skil hafa verið gerð á vatnsskattinum eða vatnsgjöldunum.

15. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

16. gr.

Þeir sem óska að fá vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar til afnota um stundarsakir skulu bera allan kostnað af bráðabirgða vatnslögnum í sambandi við slíka vatnsnotkun. Heimilt er bæjarstarfsmönnum að loka fyrir vatnsæðar, sem þannig eru settar, að hætta geti verið á að í þeim frjósi vatn.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggja fyrir að lögum.

Með mál út af broti á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem eiga hlut að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vatnsveitu Húsavíkur nr. 199 23. desember 1958 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 2. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Akraness
nr. 294 31. desember 1964.

1. gr.

17. gr. orðist þannig:

a) Almennur vatnsskattur.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Hinn almenni vatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af gildandi fasteignamatsverði húseignar á hverjum tíma, eftir ákvörðun bæjarstjórnar, hverju sinni.

Nú er húseign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá Vatnsveitan skattinn.

b) Aukavatnsskattur.

Af húsum, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða eftir notkun og ákveður bæjarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra. Nú er vatn notað án mælis og skal þá Vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkv. áætlaðri notkun. Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun Vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali Vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

c) Önnur gjöld.

Stofngjöld fyrir tengingu heimæðar ákveður bæjarstjórn hverju sinni í gjaldskrá fyrir Vatnsveituna, sbr. 12. gr. Sama gildir um gjald fyrir uppsetningu mæla, mælaleigu og gjald fyrir vatn til skipa.

d) Vatnsskattur Sementsverksmiðju ríkisins.

Um vatnsskatt Sementsverksmiðju ríkisins fer eftir sérsamningi við hana.